

**Ed.**

### **318. Frumvarp til laga**

um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

3. másl. 10. gr. tilsk. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febrúar 1847, skal úr gildi numinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Frv. þetta er flutt eftir ósk dómsmálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í 3. másl. 10. gr. frammanefndrar tilskipunar er svo um mælt, að þegar fasteign, sem veðsett er fyrir fé ófjarráðs manns, er seld á nauðungaruppbóði, skuli veita kaupanda 3 mánaða gjaldfrest á helmingi kaupverðsins, en 6 mánaða gjaldfrest á hinum helmingnum, og miðast gjaldfrestur þessi eftir atvikum ýmist við hamarshögg eða við þann dag, er uppbóðið er samþykkt. Þegar ákvæði þetta var tekið í lög, mátti það heita fremur sjaldgæft, að fasteignir hér á landi væru veðsettar. Uppboðsandvirði fasteigna, sem þá voru seldar á nauðungaruppbóðum, var því að jafnaði greitt út í peningum, og gat því nokkuð riflegur borgunarfrestur fyrir kaupanda verið hagkvæmur og leitt til þess að hærra væri bóðið í eignina en ella. Nú er þetta orðið breytt fyrir löngu. Nú hvíla fleiri eða

færri veðlán á flestum fasteignum hér á landi, og flest þeirra lána eiga samkv. samningum að greiðast með afborgunum á fleiri ára tíma. Þegar fasteignir nú eru seldar á nauðungaruppboðum, mun kaupverðið sjaldan vera greitt í peningum. Venjulega greiðist það þannig, að kaupandi tekur að sér að greiða það af veðskuldunum, sem á eigninni hvíldu, er svarar til kaupverðsins, og semur um greiðslu þeirra við veðhafana, og eru hinir nýju samningar venjulega á þá leið, að kaupandinn fær að greiða veðskuldirnar með sömu afborgunarskilmálum og fyrri eigandi naut. Síðan þessi breyting er orðin á nauðungaruppboðunum er ekki þörf á einkorðuðum lögbundnum gjaldfresti, sízt svo löngum tíma sem í tilsk. segir. Þvert á móti hefir svo langur frestur í för með sér bagalega óvissu fyrir veðhafana.

Umrætt ákvæði í 10. gr. nefndrar tilskipunar er sett vegna ávöxtunar á fé ófjárráðra manna. Nú mun það vera orðið tiltölulega sjaldgæft, að slíkt fé sé ávaxtað með því að lána það út gegn veðrétti í fasteign. Ákvæðið hefir því ekki nú þá þýðingu, sem því var ætlað í fyrstu, en hinsvegar hefir ýmsum lánsstofnunum, t. d. veðdeildum Landsbankans, á síðari árum með sérstökum lagaákvæðum verið veittur réttur til að ganga að veðum sínum samkv. því, sem ákveðið er í 10. gr. tilsk., og 10. gr. mun nú um langt skeið nær eingöngu hafa verið notuð í þágu slíkra lánsstofnana. Jafnframt hefir það lengi tíðkæzt, að ekki væru sett í uppboðsskilmála ákvæði greinarinnar um gjaldfrest á uppboðsandvirðinu, enda þó greinin væri notuð sem uppboðsheimild. Við þetta hafa allir, er hlut hafa átt að máli, sætt sig, þar til nú nýlega, að uppboði, er fram hafði farið eftir kröfu veðdeildar Landsbankans, var áfrýjað til hæstaréttar og það ómerkt þar með dómi réttarins 30. f. m., sakir þess að greiðslufrestur á uppboðsandvirðinu var eigi ákveðinn í samræmi við 10. gr. tilsk. í uppboðsskilmálunum. Dómur þessi hlýtur óhjákvæmilega að hafa þær afleiðingar, að framvegis verði eigi annað talið óhætt en að tiltaka 3 og 6 mánaða gjaldfrest í uppboðsskilmálum við öll uppboð, er fram fara samkv. heimild 10. gr. tilskipunarinnar, en slíkur frestur er bæði óþarflega langur og jafnvel bagalega langur, eins og nú er komið veðmálum hér á landi, svo sem áður var lýst. Þykir því æskilegt, að umrætt ákvæði tilskipunar þessarar verði úr lögum numið, og er fram á það farið í frumvarpi þessu.